

Stjórnarfundur í stjórn samtaka um Jákvæðan aga á Íslandi, haldinn á ZOOM kl. 20:00 – 20:40
Þriðjudaginn 03.01.2023

Mættir eru: Ágúst, Aníta, Helga, Sólveig, Júlía Margrét og Jónína. Sólrún boðaði forföll.

Dagskrá.

1. Samningur PDA við aðildarfélög sín. Kominn er tími á árlega uppfærslu á samningi PDA við sín aðildarfélög. Helsta breytingin er sú að nú er inni klausa í samningnum um að árgjöld aðildarfélaga eigi að vera í samræmi við árgjöld PDA. Árgjald aðildarfélaga til PDA er óbreytt eða 150\$. PDA vilja nú í fyrsta sinn sjá sundurgreiningu á því hversu margir eru á Educator level, Trainer Candidate level og á Trainer level.

Varðandi árgjöld er tillaga PDA eftirfarandi:

- a. Educator level - árgjald 65\$
- b. Trainer Candidate level – árgjald 125\$
- c. Trainer level – árgjald 175\$
- d. Supporting members (einstaklingar sem ekki hafa farið á tveggja daga námskeið) árgjald – hvert aðildarfélag ákveður gjaldið.

Hugmynd PDA er að aðildarfélögin nýti félagsgjöldin til að styrkja starfsemi sína.

Stjórnin leggur til breytingu á tillögu PDA og telur að lægri árgjöld félagsfólks verði til þess að fólk kjósi frekar að vera í félaginu. Tillaga stjórnar er eftirfarandi:

- a. Educator level og supporting member – ágjöld 6.000 ísl. (ca 42\$).
- b. Trainer Candidate level – óbreytt frá tillögu PDA
- c. Trainer level – óbreytt frá tillögu PDA

Stjórn skrifar undir þessa tillögu sem fer út til PDA.

2. Næsti fræðslufundur félagsfólks er 18. janúar kl. 16:00 á ZOOM.
3. Rætt um að hafa aðalfund 2023 fyrri part árs, mögulega í lok apríl
4. Næsti hefðbundni stjórnarfundur verður miðvikudaginn 11.01.2023 kl. 20:00 á ZOOM

Fundi slitið, Jónína ritar fundargerð.